

Kennari	Guðjón Ólafsson	Sk.st.	GÓL
----------------	-----------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Námið miðar að því að nemandinn auki færni sína í enskri tungu og bæti bæði vísindaorðaforða og almennan orðaforða svo og málskilning. Nemandinn er þjálfður í ritun með ýmsum verkefnum sem tengjast vísindum. Einnig er nemandinn þjálfður í töluðu máli, bæði með umræðum og formlegum fyrirlestrum. Fjallað er um siðferðileg álitamál vísinda og samfélagslega ábyrgð.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- enskum orðaforða og hugtökum sem tengjast vísindum
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- siðfræði vísinda, til dæmis í umhverfismálum, og samfélagslegri ábyrgð
- mismunandi málsniði enskrar tungu

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa sér til gagns fræðilegar greinar um efni tengd vísindum
- skilja talað mál sem fjallar um vísindi, til dæmis fyrirlestra
- taka virkan þátt í samræðum um vísindaleg málefni
- tjá sig munnlega, bæði formlega og óformlega, um efni sem tengjast vísindum sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- skrifa og skilja ýmiss konar texta sem tengist vísindum, meðal annars útdrætti, skýrslur og rannsóknarritgerðir
- beita málinu í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum, með stílbrigðum og málsniði sem við á og mætir hæfniviðmiðum þrepsins

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja megininntak erinda og rökræðna sem fjallað er um í áfanganum
- tileinka sér efni ritaðs texta sem tengist vísindum og nýta á mismunandi hátt
- taka þátt í umræðum og færa rök fyrir máli sínu um vísindaleg málefni
- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt um málefni sem tengjast vísindum
- skrifa texta um efni sem tengist vísindum og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við
- nýta sér upplýsingatækni til fróðleiks og rannsókna
- geta lagt gagnrýnið mat á texta
- nýta sér fræðitexta og meta gildi heimilda

Námsgögn:

English for Science (skrifstofa)

Treasure Island e. Rober Louis Stevenson, allar óstytta útgáfur (bókabúðir).

ENSK3VG05

Námsáætlun (Haustönn, 2021)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 18. ágú. - 10. sep.	Lesnir kaflar 1 og 2 í leshefti, unnið með málfræði og orðaforða.	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum.	Kaflapróf 1, 13,3% Þátttökueinkunn 10%
Lota 2 13. sep. - 1. okt.	Lesnir kaflar 3 og 4 í leshefti, unnið með orðaforða og málfræði. Umfjöllun um skáldverk hefst og byrjað að vinna vikuleg verkefni úr því.	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum. Vikuleg verkefni úr skáldsögu. Undirbúningur hafinn að vinnslu kynningarverkefnis.	Kaflapróf 2, 13,3% Þátttökueinkunn 10% Skáldsöguverkefni 4% hvert
Lota 3 4. okt. - 29. okt.	Lesnir kaflar 5 og 6 í leshefti. Áfram unnið með orðaforða, málfræði og málnotkun. Lestur skáldsögu heldur áfram og nemendur halda áfram að gera vikuleg verkefni úr henni.	Nemendur kynna valið viðfangsefni. Vikuleg verkefni úr skáldsögu. Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum.	Kaflapróf 3, 13,3% Þátttökueinkunn 10% Skáldsöguverkefni 4% hvert Kynningarverkefni 15%
Lota 4 1. nóv. - 27. nóv.	Lesnir kaflar 7 og 8 auk viðeigandi verkefna.	Stílar, þýðingar, vefæfingar og annað heima og í tímum.	Kaflapróf 4, 13,3% Þátttökueinkunn 10%
Lota 5 29. nóv. - 6. des.			Munnlegt próf 15%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi
Verkefni úr <i>Treasure Island</i>	6 próf/verkefni, 5 bestu gilda til einkunnar.		20%
Kynningarverkefni	Nemendur kynna ákveðið málefni tengt lesefni. Jafningjamat (40% á móti kennara).		15%
Ýmis verkefni	Stílar, þýðingar, vefæfingar, Moodleverkefni og annað sem nemendur gera heima og í kennslustundum, öll jafngild.		10%
Kaflapróf	Fjögur kaflapróf, 3 bestu gilda til einkunnar.		40%
Munnlegt próf	Tekið í síðustu kennsluviku.		15%
	Samtals:		100%
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU.			

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

ENSK3VG05

Námsáætlun (Haustönn, 2021)



Nemendum ber að **skila öllum verkefnum** sem sett eru fyrir og halda sig innan þeirra marka sem kveðið er á um mætingu. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladag í Moodle, við lok tímans í tímaverkefnum, en við lokun skólans í öðrum verkefnum. Skilafrestur verður ekki framlengdur nema við sérstakar aðstæður. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn. **Ekki verður boðið upp á sjúkra- eða endurtektarpróf í prófum og verkefnum.**

Verði nemandi uppvís að ritstuldi við samningu ritgerða eða annarra verkefna fær hann einkunnina 0,0 fyrir viðkomandi verkefni. Endurtekin brot geta varðað brottvikningu úr áfanganum.

Dagsetning: 17. ágúst 2021



Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils